

Blönduósbær
Þorgils Magnússon
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Reykjavík 2. júní 2020
UST202005-220/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Blönduóbæjar 2010-2030 – Ný legu Skagastrandarvegur, stækkun sorpförgunarsvæðis og nýtt efnistökusvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa á Blönduósi er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulag Blönduóbæjar 2010-2030.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er þríþætt. Í fyrsta lagi breyting á nýrri legu Skagastrandarvegur. Í öðru lagi stækkun sorpförgunarsvæðis Ú1 og aukning á árlegu magni til urðunar, landmótun og rekstur brennsluofns á Sölvabakka í Refasveit og að lokum nýtt efnistökusvæði vegna efnisvinnslu á Sölvabakka.

Skagastrandarvegur

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn vegna tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst 2018.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan veglínunar m.a. vistgerðin fjalladrapamóavist.

Í fjalladrapamóavist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfuttillingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóupræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif veglagningarinnar á lífríki svæðisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir af hverju ekki var unnt að nýta vegstæði Neðribyggðarvegur að einhverju eða öllu leyti til að ekki þurfi að koma til þess að taka

algerlega „nýtt“ land undir veg. Því að lokinni fyrirhugaðri framkvæmd eins og hún er kynnt í tillögnum verða þrír vegir á tiltölulega litlu svæði.

Urðun í Stekkjarvík

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn vegna tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags. 2. maí 2019.

Í umsögninni kemur fram að megin umhverfisáhrif verkefnisins að mati stofnunarinnar eru; áhrif á loft vegna lyktarmengunar og vegna losunar gass (gróðurhúsalofttegunda), áhrif á vatn og jarðveg og áhrif vegna hávaða og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um ofangreinda þætti í breytingartillögu aðalskipulagsins.

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé áhrif efnistökusvæðisins á ásýnd landsins. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að efnistökusvæðið falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.


Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur